

## Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps

B/T Iða Marsibil Jónsdóttir sveitarstjóri

Stjórnsýsluhúsinu Borg 805 Selfoss.

Hafnarfirði 1. júní 2024.

**Efni : Fyrirspurn varðandi aðkomu og réttarstöðu lóðareigenda komi til breytinga á aðalskipulagi eða deiliskipulagi við Herjólfsstíg í landi Ásgarðs í Grímsneshreppi.**

Stjórn “ Félags lóðareigenda við Herjólfsstíg” í Grímsnes – Grafningshreppi óskar hér með eftir upplýsingum og svörum varðandi neðanritað.

Á skipulagsnefndarfundi UTU nr. 278 dags. 10. apríl s.l. samkvæmt liðum nr. 12 og 13 voru teknar fyrir umsóknir um breytingar á aðal- og deiliskipulagi við Herjólfsstíg í landi Ásgarðs. Fundargerð frá umræddum fundi skipulagsnefndar var tekin fyrir og afgreidd á fundi Sveitarstjórnar nr. 567 dags. 17. apríl s.l.

Liður 12 gerir ráð fyrir að breyta frístundabyggð í verslunar og þjónustusvæði og liður 13 gerir ráð fyrir skipulagsbreytingu fyrir útleigu og sameiningu lóða.

Okkur er kunn afgreiðsla Sveitarstjórnar , annars vegar um synjun á aðalskipulagsbreytingu en leyfi gefið fyrir áframhaldandi útfærslu skipulagstillagna og hins vegar að fresta afgreiðslu varðandi deiliskipulagsbreytingu úr frístundabyggð yfir í verslunar og þjónustusvæði.

Það skal upplýst að umræddar tillögur komu núverandi eigendum frístundahúsa við Herjólfsstíg í landi Ásgarðs verulega á óvart og því viljum við spyrja Sveitarstjórn um hugsanlega aðkomu okkar komi til þess að umræddar framkvæmdir verði samþykktar að hluta eða öllu leyti.

**Það skal upplýst að í byrjun apríl létum við þinglýsa samþykktum fyrir félagið okkar á allar lóðir við Herjólfsstíg , í samþykktunum kemur skýrt fram að við Herjólfsstíg er um skipulagt frístundasvæði að ræða.**

Spurningar okkar eru eftirfarandi:

1. Hver er réttarstaða okkar núverandi lóðareigenda við Herjólfsstíg komi til aðal- eða deiliskipulagsbreytinga á svæðinu samkvæmt áðursendum breytingabeidnum Við kaup okkar á þessum lóðum lá skýrt fyrir að um frístundasvæði væri að ræða ?
2. Verður haft samráð við okkur komi til frekari ákvarðana varðandi skipulagsmál á þessu svæði. ?
3. Hver er framtíðarsýn Sveitarfélagsins varðandi samspil frístundabyggða og svæða sem skipulögð eru fyrir verslun og þjónustu ?

Það er von okkar að Sveitarstjórn sjá sér fært að svara þessum spurningum og vangaveltum okkar eigenda frístundahúsa við Herjólfsstíg í landi Ásgarðs í Grímsnes- og Grafningshreppi og leyfi okkur að fylgjast með framvindu þessara mála.

Með vinsemd og virðingu

F.h. “ Félags lóðareigenda við Herjólfsstíg “

